

RÍKISENDURSKOÐUN

Leiðbeiningar um reikningshald stjórnálagasamtaka og skil þeirra á upplýsingum til Ríkisendurskoðunar skv. lögum nr. 162/2006, með síðari breytingum

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Leiðbeiningar þessar gilda um reikningskil og upplýsingaskyldu stjórnálagasamtaka, þ.e.a.s. flokka og samtaka, sem bjóða fram í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, sbr. IV. kafla laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórnálagasamtaka, með síðari breytingum. Leiðbeiningarnar eru lágmarksreglur og því er stjórnálagasamtökum heimilt að skila fyllri upplýsingum en mælt er fyrir í þeim.

II. KAFLI

Framlög

2. gr.

Með framlögum í skilningi leiðbeininga þessara er átt við framlög til starfsemi stjórnálagasamtaka eða frambjóðenda eða kosningabaráttu, hvort heldur eru bein fjárfraflög eða önnur gæði, sem metin verða til fjár, án tillits til þess hvaðan þau koma eða hvers eðlis þau eru með þeim takmörkunum, sem gerðar eru í reglum þessum. Til framlaga í þessum skilningi teljast m.a.:

- a) Allar ívilnanir, eftirgjafir sem og afslættir af vörum og þjónustu sem veittir eru af markaðsverði og standa öðrum viðskiptavinum ekki til boða, til dæmis afsláttur af markaðsverði auglýsinga, húsaleigu eða öðru endurgjaldi fyrir afnot af fasteignum
- b) Endurgjaldslaus afnot af vinnuafli, þ.e.a.s. starfskröftum launaðra starfsmanna ef aðrir en stjórnálagasamtök eða frambjóðandi bera launakostnaðinn. Sjálfboðavinna telst ekki fraflag í þessum skilningi.
- c) Endurgjaldslaus afnot af búnaði og tækjum, til dæmis af ökutækjum en þó ekki afnot af lausafé í eigu sjálfboðaliða, sem ekki er notað í atvinnurekstri.
- d) Eftirgjöf eftirstöðva skulda, hvort sem er að hluta eða öllu leyti, óvenjuleg lánakjör eða fjármagnsfyrirgreiðsla.

Ef sértækur afsláttur hefur verið veittur af markaðsverði, sbr. a-lið, skal mismunur markaðsverðs og raunverðs tilgreindur sem fraflag í ársreikningi. Önnur fraflög, svo sem endurgjaldslaus lán vinnuafls, aðstaða eða búnaður, að undanskildu því, sem um getur í c-lið, skulu metin til peningaverðs á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma og tilgreind í ársreikningi á því verði.

Með markaðsverði í skilningi leiðbeininganna er átt við almennt gangverð í viðskiptum með vöru eða þjónustu milli ótengdra aðila að teknu tilliti til afsláttar, sem veittur er með almennum og opinberum hætti á viðskiptalegum grunni. Við mat á endurgjaldi, sem ekki er í formi

RÍKISENDURSKOÐUN

reiðufjár, skal eftir því sem við verður komið miðað við skattmat Skattsins á hverjum tíma. Nú liggur gangverð ekki fyrir og skal þá við mat á gæðum eða hlunnindum, sem ekki hafa verið í krónum talin, m.a. litið til þess kostnaðar sem stjórnmalasamtök hefðu þurft að leggja út fyrir gæðunum, nema í gildi sé sérstakt skattmat um þau.

3. gr.

Stjórnmalasamtökum er óheimilt að taka á móti hærri framlögum frá lögaðilum en sem nemur 550 þús. kr. á ári. Stjórnmalafélögum innan samstæðu stjórnmalasamtaka er þó heimilt að taka á móti framlögum frá lögaðilum umfram þá fjárhæð, samtals að hámarki 100 þús. kr.

Stjórnmalasamtökum er heimilt að taka á móti framlögum frá lögráða einstaklingum sem nemur allt að 550 þús. kr. á ári. Stjórnmalafélögum innan samstæðu stjórnmalasamtaka er þó heimilt að taka á móti framlögum frá einstaklingum umfram þetta, samtals að hámarki 100 þús. kr.

Framlög umfram 550 þús. kr. sem veitt eru stjórnmalafélögum innan stjórnmalasamtaka skulu sérgreind í ársreikningi stjórnmalasamtaka.

Framlög sem samanlagt eru umfram framangreint 650 þús. kr. hámark skal endurgreiða gefanda svo fljótt sem kostur er. Takist ekki að endurgreiða þau skal þeim haldið sérstaklega aðgreindum í bókhaldi stjórnmalasamtaka og skilað í ríkissjóð án ástæðulauss dráttar.

4. gr.

Stjórnmalasamtökum er óheimilt að veita viðtöku framlögum frá:

- a) Óþekktum gefendum, þ. á m. framlögum sem safnast nafnlaust í söfnunarbauka eða með annars konar nafnlausum samskotum.
- b) Fyrirtækjum að meiri hluta í eigu eða undir stjórn ríkis eða sveitarfélaga.
- c) Opinberum aðilum öðrum en ríkissjóði og sveitarfélögum, sbr. II. kafla laga nr. 162/2006, svo sem félögum í sameign ríkis og sveitarfélaga og félögum í meirihluta eigu opinberra aðila, sem og aðilum sem fá fjárveitingar frá opinberum aðilum vegna starfsemi sinnar.
- d) Erlendum ríkisborgurum, sem eigi njóta kosningaréttar hér á landi, svo og fyrirtækjum eða öðrum aðilum, sem skráðir eru í öðrum löndum.

Hafi ekki tekist að hafna framlögum frá aðilum sem getið er um í a) – d) lið skal þeim skilað í ríkissjóð án ástæðulauss dráttar.

5. gr.

Framlög tengdra lögaðila skulu talin saman. Samanlögð árleg framlög þeirra mega aldrei fara fram úr 550 þús. kr. Með tengdum aðilum í skilningi leiðbeininga þessara er átt við lögaðila, þar sem svo háttar til að annar aðili er í raun undir stjórn hins þar sem sá síðarnefndi á meiri hluta hlutfjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í þeim fyrrnefnda. Einnig er átt við lögaðila þar sem einstaklingur á meiri hluta hlutfjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilum.

RÍKISENDURSKOÐUN

Samkvæmt þessu teljast þeir eigendur, sem eiga hlut í tengdum lögaðilum, ótengdir en sá lögaðilanna, sem ásamt eigendum sínum á hlut í þeim þriðja, telst tengdur honum.

Stjórnmálasamtök sem fá framlög frá lögaðilum skulu halda skrá yfir gefendur framlaga sem sýnir hvernig mat var lagt á eignarhald í þessu tilliti. Ríkisendurskoðandi getur kallað eftir þeirri skrá samhliða skoðun ársreiknings til að sannreyna að framlög tengdra aðila séu ekki umfram 550 þús. kr.

6. gr.

Almenn félagsgjöld einstaklinga í stjórnmálasamtökum, sem innheimt eru með reglubundnum hætti á jafnræðisgrundvelli og ekki fara fram úr 100 þús. kr. á ári frá hverjum einstaklingi, skal sérgreina í reikningsskilunum. Greiðslur einstaklinga umfram ofangreint hámark teljast framlög í skilningi 2. gr.

7. gr.

Stjórnmálasamtökum er heimilt að selja öðrum en þeim, er um getur í 4. gr., auglýsingar í fjölmiðlum, sem þau standa að í þeim tilgangi einum að standa undir kostnaði við kynningu á frambjóðendum, stefnu og öðrum málefnum þeirra. Tekjum af útgáfustarfseminni má einungis verja til þess að greiða útgjöld, sem eru í beinum og eðlilegum tengslum við hana.

Á sama hátt er stjórnmálasamtökum heimilt að leigja út fasteignir sínar og lausafé á markaðsverði, sbr. 9. gr. Tekjur af leigustarfsemi umfram markaðsverð skal færa til tekna sem framlög og gilda um þær að öllu leyti sömu reglur og skilyrði og um framlög skv. þessum kafla.

8. gr.

Önnur sala stjórnmálasamtaka á þjónustu og vörum í fjáröflunarskyni en um ræðir í 7. gr. er óheimil. Þó skal óreglubundin kaffisala stjórnmálasamtaka, merkjasala, sala happdrættismiða, basar-sala o.þ.h. eða sala aðgangseyris að fundum á vegum þeirra heimil, enda fari viðskipti af þessu tagi við hvern einstakling eða lögaðila ekki fram úr 100 þús. kr. á ári.

III. KAFLI

Uppgjör og reikningsskil

9. gr.

Við gerð ársreikninga stjórnmálasamtaka skal efnisreglum ársreikningalaga nr. 3/2006 fylgt eftir því sem við getur átt. Stjórn stjórnmálasamtaka og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á að ársreikningur sé saminn fyrir hvert ár og skal ársreikningurinn geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar og skýrslu stjórnar. Ársreikningur skal undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra. Þá skal ársreikningurinn vera endurskoðaður og skal áritun endurskoðanda staðfesta að reikningurinn sé saminn í samræmi við lög nr. 162/2006 og almennar reikningsskilareglur.

Í þeim tilvikum sem stjórnmálasamtök eiga ekki setu á Alþingi, fá ekki framlög úr opinberum sjóðum ríkis og framlög frá sveitarfélagi eru að fjárhæð 500.000 kr. eða lægri telst könnunar-

RÍKISENDURSKOÐUN

áritun endurskoðanda fullnægjandi. Þau stjórnálagasamtök sem hvorki fá framlög frá ríki né sveitarfélögum þurfa einungis áritun endurskoðanda þess efnis að viðkomandi hafi aðstoðað við gerð ársreiknings.

Nöfn þeirra stjórnálagasamtaka sem ekki standa skil á ársreikningi verða birt á vef Ríkisendurskoðunar á svokölluðum vanskilalista allt þar til fullnægjandi ársreikningur hefur borist.

10. gr.

Stjórnálagasamtök skulu tekjufæra framlög frá ríkissjóði skv. 3. gr. laga nr. 162/2006 á því reikningsári sem þau eru greidd samkvæmt fjárlögum.

11. gr.

Stjórnálagasamtök skulu greina frá öllum tekjum sínum í rekstrarreikningi nema lög eða settar reikningsskilareglur kveði á um annað. Hann skal a.m.k. geyma eftirtaldar sundurliðanir á tekjuhlið:

1. Fjárframlög úr ríkissjóði
2. Fjárframlög frá Alþingi
3. Fjárframlög sveitarfélaga
4. Fjárframlög lögaðila
5. Fjárframlög einstaklinga
6. Almenn félagsgjöld
7. Aðrar tekjur

Í skýringum skulu tekjur vegna framangreindra liða vera sundurliðaðar, eftir því sem við á:

1. Fjárframlög sveitarfélaga, sundurliðuð eftir sveitarfélagi
2. Öll framlög frá lögaðilum, sbr. 2. mgr. 14. gr.
3. Framlög lögaðila og einstaklinga í formi afsláttar frá markaðsverði, sbr. a-liður 2. gr.
4. Önnur framlög lögaðila og einstaklinga, sbr. b – d liður 2. gr.
5. Framlög einstaklinga umfram 300 þús. kr., sbr. 3. mgr. 14. gr.
6. Þjónustutekjur, þ.m.t. aðgangseyri að fundum, skemmtunum og öðru slíku félagsstarfi, sbr. 8. gr.
7. Vörusala, þ.m.t. tekjur af kaffisölu, happdrætti, hlutaveltum o.s.frv., sbr. 8. gr.
8. Leigutekjur af fasteignum, sbr. 2. mgr. 7. gr.
9. Tekjur af leigu lausafjár, sbr. 2. mgr. 7. gr.
10. Auglýsingatekjur sbr. 1. mgr. 7. gr.

12. gr.

Stjórnálagasamtök skulu greina frá öllum gjöldum sínum í rekstrarreikningi með eftirfarandi hætti nema að lög eða reikningsskilareglur kveði á um annað. Rekstrarreikningurinn skal a.m.k. geyma eftirtaldar sundurliðanir á gjaldahlið:

1. Aðalskrifstofa

RÍKISENDURSKOÐUN

2. Alþingiskosningar
3. Sveitastjórnarkosningar
4. Kjördæma- og undirfélög
5. Rekstur fasteigna

Í skýringum skal kostnaður vegna framangreindra liða vera sundurliðaður og skal þar a.m.k. gerð grein fyrir eftirtöldum kostnaði:

1. Laun og launatengd gjöld
2. Fundakostnaður
3. Aðkeypt þjónusta
4. Skrifstofukostnaður
5. Auglýsingar og kynningar
6. Rekstur fasteigna og annar húsnæðiskostnaður
7. Ferðakostnaður
8. Önnur rekstrargjöld
9. Kostnaður á móti framlögum í öðrum gæðum og afslættir

13. gr.

Stjórnmalasamtök skulu greina frá öllum eignum sínum og skuldum, þ.m.t. skuldbindingum og eigið fé, sem er mismunur eigna og skulda. Eignir, sem ætlaðar eru til varanlegrar eignar eða notkunar, teljast fastafjármunir. Eignir, sem ekki eru ætlaðar til varanlegrar eignar eða notkunar, teljast veltufjármunir.

Kröfur, fyrirframgreiðslur og skuldir, sem falla til greiðslu eftir lengri tíma en eitt ár, skulu færast sem fastafjármunir eða langtímaskuldir eftir því sem við á. Aðrar kröfur, fyrirframgreiðslur og skuldir færast sem veltufjármunir eða skammtímaskuldir eftir því sem við á.

14. gr.

Stjórnmalasamtök skulu halda sérstaka skrá yfir einstök framlög, sem metin eru til fjár, þar sem fram kemur nafn og kennitala viðkomandi gefanda. Framlög tengdra aðila sbr. 5. gr. skal telja saman og skal gera grein fyrir því hvernig eignarhald lögaðila var metið m.t.t þess. Stjórnmalasamtök skulu afhenda Ríkisendurskoðun þessa skrá samhliða skilum á ársreikningi.

Nöfn og kennitölur þeirra lögaðila, sem veita stjórnmalasamtökum framlög, skulu birt í skýringum við ársreikninginn ásamt fjárhæð framlagsins.

Nöfn þeirra einstaklinga, sem veita stjórnmalasamtökum framlög umfram 300 þús. kr. á ári, skulu birt í skýringum við ársreikninginn ásamt fjárhæð framlagsins. Ekki er nauðsynlegt að birta kennitölur einstaklinga í ársreikningi. Yfirlýsing þess efnis að önnur framlög einstaklinga hafi ekki numið hærri fjárhæð skal jafnframt koma fram í skýringum.

Fari stjórnmalasamtök í sóknaráttak eða aðra sambærilega fjáröflun meðal félagsmanna sinna skal yfirlýsing þess efnis að samanlögð fjárframlög hvers aðila úr sóknaráttaki, einstökum framlögum og félagsgjöldum hafi ekki farið umfram 550 þús. kr., fylgja ársreikningi. Ákvæði um nafnabirtingu á við um þau framlög sem safnast í fjáröflunum sem þessum.

RÍKISENDURSKOÐUN

15. gr.

Stjórnmálasamtök skulu gera samstæðureikning fyrir allar einingar, sem undir þau falla, svo sem sérsambönd, kjördæmisráð, eignarhaldsfélög og tengdar sjálfseignarstofnanir, hvort sem þær eru skráðar eða ekki, sbr. þó 2. mgr. Með samstæðureikningi í þessu sambandi er átt við reikningsskil, þar sem ársreikningar stjórnmálasamtaka (móðursamtaka) og eininganna (dóttursamtaka), sem undir þau falla, hafa verið sameinaðir í einn reikning. Samstæðureikningur skal geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Samstæðureikningurinn skal gefa glögga heildarmynd af afkomu, efnahag og breytingum á handbæru fé bæði móðursamtakanna og dóttursamtakanna. Gera skal nauðsynlegar leiðréttingar vegna sérstakra þátta, sem eiga aðeins við um samstæðureikning.

Heimilt er að halda flokkseiningum utan samstæðureikningsskila ef tekjur þeirra eru undir 550 þús. kr. á ári. Það skal koma skýrt fram hvaða flokkseiningar eru hluti af samstæðureikningi og hverjar ekki og þurfa kennitölur flokkseininga að liggja fyrir. Flokkseiningum sem ekki eru hluti af samstæðureikningsskilum ber að skila ársreikningi til Ríkisendurskoðunar og eru framlög frá sveitarfélögum til viðkomandi flokkseiningar bundin því skilyrði að það hafi verið gert, sbr. 5. gr. a. laga nr. 162/2006.

Að öðru leyti skulu ákvæði VII. kafla ársreikningalaga gilda um samstæðureikningsskil stjórnmálasamtaka eftir því sem við á.

16. gr.

Nú standa fleiri en ein stjórnmálasamtök sameiginlega að framboði í tilteknu kjördæmi og skal þá gera sérstök reikningsskil fyrir framboðið.

IV. KAFLI

Skil og birting ársreiknings

17. gr.

Í samræmi við 2. málsl. 9. gr. laga nr. 162/2006 birtir Ríkisendurskoðun ársreikninga stjórnmálasamtaka á vef embættisins. Ársreikningar, og eftir atvikum fylgiskjöl þeirra, skulu berast Ríkisendurskoðun í einu lagi, undirritaðir af öllum hlutaðeigandi, fyrir 1. nóvember hvert ár. Ársreikningi má skila stafrænt á vefsíðu island.is: (island.is/arsreikningar-stjornmalasamtok). Stjórnmálasamtök geta einnig skilað með tölvupósti eða á pappír ef stafræn skil eru ekki möguleg.

Skil fara fram af hálfu þess einstaklings sem fer með prókúruumboð fyrir stjórnmálasamtökin.

Rafræn undirritun ársreiknings er jafngild skriflegri undirritun ársreiknings á pappírformi.

IV. KAFLI

Gildistaka

RÍKISENDURSKOÐUN

18. gr.

Leiðbeiningar þessar, sem settar eru á grundvelli laga nr. 162/2006, um starfsemi stjórn málasamtaka, með síðari breytingum og gilda frá og með ársuppgjöri fyrir árið 2023.

13. september 2024

Guðmundur Björgvin Helgason

ríkisendurskoðandi